

Til þeirra er málið varðar.

Fyrir hönd MPM námsins við Háskólann í Reykjavík, vill undirritaður leggja fram eftirfarandi umsögn um Þingskjal 14 – 14. mál, tillögu til þingsályktunar um tryggingu gæða, hagkvæmni og skilvirkni opinberra fjárfestinga.

Alkunna er að framúrkeysla í kostnaði er algeng í stærri verkefnum á Íslandi. Raunar er þetta ekki bundið við Ísland; rannsóknir sýna að víða um heim fara stór opinber innviðaverkefni fram úr áætlunum hvað varðar kostnað og tíma. Ástæður þessa hafa verið rannsakaðar og eitt af því sem komið hefur fram er að lykillinn að bættum árangri er fagleg umgjörð opinberra innviðaverkefna; meðal annars faglegur undirbúningur verkefna, kröfur um ávinningsmat, stjórnarhættir í verkefnum, eftirlit með framvindu verkefna, stjórnun áhættu og ákvarðanatoka í verkefnum.

Í ýmsum löndum sem við berum okkur saman við hefur verið unnið að verulegum umbótum á verkefnastjórnsýslu hin seinni ár. Nefna má sex OECD lönd, Noreg, Danmörku, Svíþjóð, Holland, Bretland og Quebec fylki í Kanada. Í öllum þessum löndum hefur verið gert mikið átak á þessum sviðum frá síðustu aldamótum. Nærtækt er að horfa til árangurs norðmanna en í Noregi hefur orðið alger viðsnúningur á einungis 16 árum, eins og tekið er fram í þingsályktuninni, og heyrir nú fremur til undantekninga að verkefni fari þar fram úr kostnaðaráætlun.

MPM námið við Háskólann í Reykjavík snýst um faglega verkefnastjórnun. MPM námið hefur verið starfrækt á Íslandi í meira en áratug, því fyrstu nemendurnir útskrifuðust með MPM gráðu vorið 2007 og útskrifaðir nemendur með MPM gráðu eru á fjórða hundrað frá upphafi. Töluverð áhersla er lögð á þróun þekkingar í MPM náminu og hver nemandi skrifar lokaverkefni á fræðasviði námsins. Allir sem lagt hafa stund á MPM nám eru meðvitaðir um þau gríðarlegu sóknarfæri sem felast í bættri verkefnastjórnsýslu á Íslandi.

MPM námið fagnar þessari þingsályktunartillögu og lýsir sig reiðubúið til að leggja sitt af mörkum í að bæta verkefnastjórnsýslu á Íslandi, til hagsbóta fyrir samfélagið allt.

F. hönd MPM námsins við Háskólann í Reykjavík Dr. Helgi Þór Ingason prófessor Forstöðumaður MPM náms